



HLUTHAFAFUNDUR ARION BANKA 5. SEPTEMBER 2018

EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL TILNEFNINGARNEFNDAR ARION BANKA Á HLUTHAFAFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR MIÐVIKUDAGINN 5. SEPTEMBER 2018:

Christopher Felix Johannes Guth. Christopher er fæddur árið 1979 og er búsettur í Bretlandi. Christopher útskrifaðist með BS-gráðu í stærðfræði og hagfræði frá London School of Economics árið 2000 og meistaraþráðu í fjármálastærðfræði frá Stanford University árið 2001.

Í dag starfar Christopher sem framkvæmdastjóri hjá Attestor Capital LLP og er varaformaður stjórnar Kommunalkredit Austria AG ásamt því að sitja í stjórn Dilosk Designated Activity Company. Attestor Capital LLP á 8,86% eignarhlut í Arion banka hf. Christopher hefur áður starfað hjá Deutsche Bank AG og Goldman Sachs International í London. Hann hefur ekki unnið beint fyrir Arion banka og er ekki hluthafi í bankanum.

Stjórn Arion banka hf. hefur metið Christopher Felix Johannes Guth óháðan félaginu og stórum hluthöfum í félaginu, í skilningi leiðbeiningareglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015.

Keith Magliana. Keith er fæddur árið 1974 og er búsettur í Bretlandi. Keith útskrifaðist með BA-gráðu í heimspeki frá Middlebury College árið 1996 og með MBA-gráðu frá Columbia Business School árið 2003.

Í dag starfar Keith sem forstöðumaður og viðskiptastjóri hjá Taconic Capital Advisors LP. Í starfi sínu hjá Taconic hefur Keith gegnt lykilhlutverki í að setja sama, endurskoða og bæta stjórnir hjá bæði skráðum og óskráðum fyrirtækjum. Taconic á í gegnum TCA New Sidecar III S.a.r.l. 9.99% hlut í Arion banka hf. Fjármálaeftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að Taconic, Kaupþing ehf., sem á 32,67% eignarhlut í Arion banka hf. í gegnum Kaupskil ehf., og tengdir aðilar teljist í samstarfi í skilningi c-liðar 25. tölul. 1. mgr. 1 gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. VI. kafla sömu laga. Keith starfaði áður sem sérfræðingur í viðskiptagreiningu hjá King Street og Deutsche Bank í London. Hann hefur jafnframt starfað sem sérfræðingur og framkvæmdastjóri hjá samruna- og yfirtökudeild UBS. Keith hefur ekki unnið beint fyrir Arion banka og er ekki hluthafi í bankanum.

Stjórn Arion banka hf. hefur metið Keith Magliana óháðan félaginu en háðan stórum hluthöfum í félaginu, í skilningi leiðbeiningareglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015.

Þórður S. Óskarsson. Þórður er fæddur árið 1950 og er búsettur á Íslandi. Þórður útskrifaðist með BA-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1976, meistaraþráðu í vinnu- og skipulagssálfræði frá Stevens Institute of Technology 1982 og PhD-gráðu á sama sviði frá Hofstra University árið 1984.

Í dag starfar Þórður sem framkvæmdastjóri og stofnandi Intellecta ehf., aðjúnt í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og situr í valnefnd (e. Election Committee) Mentis Cura AS. Þórður starfaði áður m.a. sem framkvæmdastjóri hjá KPMG og KPMG Sinna ehf. og sem mannauðsstjóri hjá Norðuráli og Eimskip. Þórður hefur jafnframt starfað sem sérfræðingur hjá Bureau of Examinations, Department of Personnel, hjá New York City. Þá hefur Þórður kennt við sálfræðideild Háskóla Íslands, Endurmenntun Háskóla Ísland, og við viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri. Þórður hefur sinnt afmörkuðum ráðgjafaraverkefnum fyrir bankann en hann er ekki hluthafi í bankanum.

Stjórn Arion banka hf. hefur metið Þórð S. Óskarsson óháðan félaginu og stórum hluthöfum í félaginu, í skilningi leiðbeiningareglna um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 5. útgáfa, maí 2015.